



Reglugerð AKÍS um keppnishald

Orðskýringar skáletraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef *AKÍS* www.akis.is



GREIN 1 ALMENNT

- 1.1 Reglugerð þessi gildir um allar keppnir í akstursíþróttum ökutækja á Íslandi sem heyra undir AKÍS og ber *keppnishaldara* að þekkja hana og fylgja.
- 1.2 *Keppnir* skal halda samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), þessari reglugerð, viðeigandi *keppnisgreinareglum* og *sérreglum* hvernar *keppni*.
- 1.3 Gæti misræmis á þessari reglugerð og *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.
- 1.4 Fulltrúar í keppnisráðum skulu hafa frjálsan aðgang að öllum *keppnum* og æfingum sem fram fara í keppnisgreinum sem undir þau heyra.

GREIN 2 KEPPNISDAGATAL

- 2.1 Keppnisdagatal næsta *keppnistímabils* skal liggja frammi fyrir 30. nóvember ár hvert.
- 2.2 Skráning *keppni* í keppnisdagatal AKÍS felur ekki í sér útgáfu AKÍS á *leyfi til keppnishalds*.
- 2.3 Hægt er að sækja um keppni á keppnisdagatal AKÍS fram að viku fyrir formannafund

GREIN 3 ÍSLANDSMEISTARAMÓT

GREIN 3.1 MÓTAFYRIRKOMULAG

- 3.1.1 Ákvörðun keppnisráða um mótafyrirkomulag einstakra keppnisgreina á Íslandsmeistaramóti skal liggja fyrir eigi síðar en 4 vikum fyrir formannafund, ár hvert.
- 3.1.2 Íslandsmeistaramót getur verið ein keppni eða margar keppnir.
 - 3.1.2.a Þegar Íslandsmeistaramót er margar *keppnir* þarf það að vera að lágmarki þrjár *keppnir*:
 - 3.1.2.a.i Lágmarksfjöldi *ökutækja* sem hefja *keppni* í hverjum keppnisflokki skal vera þrjú til að úrslit telji til meistarastiga.
 - 3.1.2.a.ii Keppni getur, vegna aukins umfangs, haft aukið vægi við útreikning íslandsmeistarastiga.
 - 3.1.2.b Þegar Íslandsmeistaramót er ein *keppni* skal lágmarksfjöldi *ökutækja* sem hefja *keppni* í hverjum keppnisflokki vera fimm til að úrslit hans telji til meistarastiga.

GREIN 3.2 KEPPNISFLOKKAR

- 3.2.1 Keppnishaldari sækir um að halda keppni í Íslandsmeistaramóti á tiltekinni dagsetningu og skuldbindur sig með því til að taka á móti skráningum í þeim flokkum greinarreglna sem hann tiltekur í umsókninni.

GREIN 4 LEYFI TIL KEPPNISHALDS

GREIN 4.1 UMSÓKN UM LEYFI TIL KEPPNISHALDS

- 4.1.1 Umsókn um *leyfi til keppnishalds* fyrir akstursíþróttakeppni stofnast sjálfvirkt við stofnun *keppni* í mótakerfi AKÍS.
- 4.1.2 AKÍS gefur út *leyfi til keppnishalds* að uppfylltum þeim skilyrðum sem *Reglubók FIA* kveður á um með merkingu *keppninnar* í mótakerfi AKÍS.

GREIN 4.2 SKRÁNINGARFRESTUR

- 4.2.1 *Keppni* skal skrá í mótakerfi AKÍS að minnsta kosti 15 dögum áður en ráðgert er að halda hana.
- 4.2.2 Skráningarfresti skal ljúka í síðasta lagi sólarhring áður en *keppni* hefst.
- 4.2.3 Undir sérstökum kringumstæðum þar sem *keppni* er sett á vegna aðstæðna sem skapast (til dæmis ísakstur eftir frostakafla), getur stjórn AKÍS heimilað styttri *skráningarfrest*.

GREIN 4.3 SKRÁNING KEPPENDA

- 4.3.1 Öll *skráning keppenda* í *keppni* skal gerð rafrænt í gegnum mótakerfi AKÍS.



GREIN 5 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

GREIN 5.1 ÞÁTTTÖKURÉTTUR Í AKSTURSKEPNUM

5.1.1 Lögaðili sem skráður er í akstursíþróttafélag innan vébanda AKÍS hefur rétt til þátttöku í aksturskeppnum og telst þar *keppandi* uppfylli hann öll tilskilin skilyrði og fái útgefið fyrir sig *keppnisleyfi*.

5.1.2 Hlutgengi *keppanda* og *ökumanns* er háð aðild að akstursíþróttafélagi innan ÍSÍ sem er í skilum með skýrslugerðir í samræmi við grein 8.1 í lögum ÍSÍ.

5.1.3 *Ökumaður* keppir aðeins fyrir eitt akstursíþróttafélag á hverju keppnistímabili.

5.1.4 Félagaskipti þurfa að eiga sér stað fyrir fyrstu *keppni ökumanns* á hverju keppnistímabili og öðlast viðkomandi keppnisrétt strax.

5.1.5 Skráningargjald til *keppnishaldara* skal greitt við skráningu í *keppni*.

5.1.6 *Ökumaður* skal framvísa gildu ökuskírteini við innskráningu á keppnisstað til að fá að taka þátt í *keppni*.

5.1.6.a Hafi hann ekki náð tilætluðum aldri til að geta fengið gild ökuréttindi þarf skriflegt samþykki forráðamanns fyrir þátttöku í *keppni*.

5.1.7 *Keppandi* eða *ökumaður* sem ekki hefur náð 18 ára aldri skal framvísa undirrituðu samþykki forráðamanns fyrir þátttöku í *keppni*.

5.1.8 Upplýsingar um gilda aðild *keppanda* og *ökumanns* að akstursíþróttafélagi innan vébanda AKÍS verða að liggja fyrir í mótakerfi AKÍS áður en *keppni* hefst.

GREIN 5.2 FRAMKOMA OG ÁBYRGÐ

5.2.1 Reykingar (þar með taldar rafsigarettur eða sambærilegur búnaður hverskonar) *keppanda* og allra einstaklinga á hans vegum eru bannaðar á öllum *fráteknum svæðum* að viðlagðri refsingu.

5.2.1.a *Keppnishaldari* getur skilgreint svæði þar sem reykingar eru heimilar, utan *frátekinnna svæða*.

GREIN 5.3 ÞJÓNUSTULIÐ

5.3.1 *Keppnishaldara* er heimilt að krefja *keppanda* um skil á lista yfir alla þá sem eru í þjónustuliði hans sé þess getið í sérreglum *keppni*.

GREIN 6 DÓMNEFND

GREIN 6.1 SKIPAN

6.1.1 Dómnefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur hæfum einstaklingum.

6.1.1.a Í *keppnum* Íslandsmeistaramóts skipar stjórn AKÍS formann dómnefndar.

6.1.1.b Framkvæmdanefnd skipar formann dómnefndar í *bikarkeppni*.

6.1.2 Formaður dómnefndar skal hafa gild réttindi til setu í dómnefnd útgefin af AKÍS.

6.1.3 Í *keppnum* Íslandsmeistaramóts greiðir AKÍS ferðakostnað ásamt gistingu formanns dómnefndar á keppnisstað, ef ferðast þarf milli landshluta.

6.1.3.a *Keppnishaldari* greiðir upphald.

GREIN 7 STARFSFÓLK KEPPNI

GREIN 7.1 ALMENNT UM STARFSFÓLK

7.1.1 Dómnefndarmenn, keppnisstjóri, skoðunarmenn og öryggisfulltrúar skulu vera af listum AKÍS yfir samþykktu starfsmenn í þessi störf.

GREIN 7.2 KEPPNISSTJÓRI

7.2.1 Keppnisstjóri/brautarstjóri má hvorki starfa sem öryggisfulltrúi né skoðunarmaður.



Grein 7.3 Öryggisfulltrúi

7.3.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

7.3.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða öikumenn, telji hann þörf á því.

7.3.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

7.3.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

7.3.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

7.3.5 Öryggisfulltrúi skal senda skýrslu inn til AKÍS eftir keppni sem inniheldur upplýsingar um hvernig keppni fór fram.

Grein 7.4 Viðbragðsaðili

7.4.1 Að minnsta kosti ein sjúkra-/björgunarbifreið ásamt áhöfn skal vera viðstödd alla keppnina.

7.4.2 Verði slys á fólki í keppni skal viðbragðsaðili ávallt kallaður til.

7.4.3 Ef ökutæki veltur eða lendir í árekstri skal viðbragðsaðili skoða viðkomandi áhöfn og gefa fyrirmæli um frekara eftirlit ef nauðsyn krefur.

7.4.4 Viðbragðsaðili skal hafa meðferðis nauðsynlegan búnað til að veita fyrstu hjálp.

GREIN 8 FRAMKVÆMD KEPPNI

Allar keppnir skulu haldnar á svæðum sem bjóða upp á leiðir sem hæfa keppnishaldi í viðkomandi keppnisgrein ásamt aðstöðu fyrir keppendur, öikumenn, starfsmenn og áhorfendur.

GREIN 8.1 KEPPENDAFUNDUR

8.1.1 Fundur keppnisstjóra með keppendum og öikumönnum skal haldinn fyrir keppni.

GREIN 8.2 ÖRYGGISMÁL

8.2.1 Meðan á keppni stendur skulu eftirfarandi öryggisatriði vera til taks fyrir viðeigandi starfsmenn:

8.2.1.a Sjúkrakassi eða annar viðeigandi búnaður til skyndihjálpar.

8.2.1.b Slökkvitæki sem henta á óvænta smáelda (auk slökkvitækja samkvæmt greinareglum hverju sinni).

8.2.1.c Sími eða annar fjarskiptabúnaður sem hentar til að kalla til opinbera viðbragðsaðila og yfirvöld ef þörf krefur.

8.2.2 Keppnishaldari skal tryggja nægjanlegan fjölda starfsmanna til að:

8.2.2.a Stjórna áhorfendum, keppendum, öikumönnum og öllum öðrum á fráteknum svæðum.

8.2.2.b Stjórna umferð ökutækja.

8.2.2.c Hafa eftirlit með framkvæmdinni.

8.2.3 Öllum starfsmönnum skal kynnt notkun slökkvitækja og hvernig bregðast skuli við þeim atburðum sem kunna að gerast á meðan á keppni stendur.

8.2.4 Allir starfsmenn keppinnar skulu klæddir í öryggisvesti eða annan viðeigandi sýnileikafatnað og aðgreindir frá áhorfendum og öðrum þátttakendum viðburðarins.

8.2.5 Undir engum kringumstæðum má leyfa almenna umferð tækja eða gangandi fólks inn á leiðum meðan á keppni stendur.

8.2.6 Telji keppnisstjóri eða öryggisfulltrúi að loka þurfi pittsvæði fyrir óviðkomandi, er það heimilt, til dæmis með skráningu á aðstoðarmönnum keppenda.

8.2.7 Tryggja skal að olíur og aðrir vökvar fari ekki niður í jarðveginn, meðal annars með því að keppendur noti hlífðardúka þegar unnið er með olíur og eldsneyti og úrgangsolíu sé safnað í viðurkennda olíutanka.

8.2.8 Endurnýtanlegur úrgangur skal flokkaður og skilað til endurnýtingar.



8.2.9 Spilliefnum skal skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

GREIN 8.3 FRESTUN OG FRAMHALD KEPPNI

8.3.1 Framhaldskeppni

8.3.1.a Sé *keppni* hafin og ekki hægt að halda henni áfram vegna utanaðkomandi ástæðna eins og til dæmis veðurs eða birtu er heimilt að halda sérstaka framhaldskeppni áður en næsta *keppni* hefst eða innan 30 daga sé um að ræða síðustu *keppni* keppnistímabilsins.

8.3.1.b Nýja dagsetningu framhaldskeppni þarf að tilkynna AKÍS og *keppendur* eru aðeins þeir sömu og hófu upphaflegu *keppnina*.

8.3.2 Frestun *keppni*

8.3.2.a Verði af einhverjum ástæðum að fresta *keppni* sem komið er keppnisleyfi fyrir eiga þegar skráðir *keppendur* rétt á því að *keppa* í hinni frestuðu *keppni* án sérstaks gjalds.

8.3.2.b Við frestun *keppni* ber *keppnishaldara* að sækja um samþykki fyrir nýrri *keppnisdagsetningu* til AKÍS.

8.3.2.c *Keppnishaldara* er heimilt að opna fyrir skráningu að nýju þegar samþykki fyrir nýrri dagsetningu liggur fyrir, enda sé það sérstaklega auglýst.

8.3.3 Útskipting *keppnishaldara*

8.3.3.1 Treysti *keppnishaldari* sér ekki til að halda *keppni* geti stjórn AKÍS fengið annan *keppnishaldara* til að *keppnin* falli ekki af dagskrá.

8.3.3.2 Fari *keppnishaldari* fram á að veita öðrum aðila réttinn til að halda *keppni* sem er á dagatali geti stjórn fjallað um það erindi og fundið/leyft nýjan *keppnishaldara*.

GREIN 8.4 AKSTUR

8.4.1 Loka skal fyrir óviðkomandi akstur inn á *leið* áður en *keppni* hefst.

8.4.2 Öll slys sem kunna að verða við framkvæmd *keppni* skal umsvifalaust tilkynna til starfsmanna sem skulu bregðast við í samræmi við alvarleika.

8.4.2.a Keppnisstjóri ber ábyrgð á að öryggisfulltrúa sé tilkynnt um öll slys.

8.4.3 Slasist áhorfandi eða ef alvarlegt slys verður skal stöðva *keppni* eins fljótt og unnt er nema hægt sé að mati keppnisstjóra að tryggja viðeigandi viðbragð og aðstoð án þess með öruggum og skjótum hætti.

8.4.3.a Ákvörðun um áframhald *keppni* er tekin af dómnefnd og öryggisfulltrúa í sameiningu.

8.4.4 Keppnisstjóri skal aðstoða við öflun allra gagna sem yfirvöld kunna að vilja skoða ef slys verður.

GREIN 9 SKRÁNING STIGA TIL ÍSLANDSMEISTARA

9.1 Innan fimm daga frá lokum *keppni* í Íslandsmeistaramóti skal *keppnishaldari* skila inn stigum til Íslandsmeistara fyrir alla *keppendur* til skrifstofu AKÍS.